

Ungmennaráð

Ungmennaráð starfar sem nefnd í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Langanesbyggðar og lögum eftir því sem við á.



Umboð

Ráðið starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og lögum eftir því sem við á.

Skipan ráðsins

Í Ungmennaráði eiga sæti fimm aðalmenn og fimm til vara á aldrinum 14-25 ára, sem kjörnir eru til eins árs í senn.

Eftirfarandi tilnefna fulltrúa til ráðsins að hausti ár hvert.

- Þrír aðalmenn úr Grunnskólanum á Þórshöfn og þrír til vara tilnefndir af skólanum.
- Einn fulltrúi framhaldsskólastigs og einn til vara. Auglýst verður eftir framboðum og starfsmaður nefndarinnar í samvinnu við félagasamtök tilnefna nefndarmenn. Ef ekki næst fulltrúi framhaldsskólastigi má tilnefna einn til viðbótar úr öðrum aldursflokki.
- Einn fulltrúi atvinnulífs og/eða félagasamtaka og einn til vara. Auglýst verður eftir framboðum og starfsmaður nefndarinnar í samvinnu við félagasamtök tilnefna nefndarmenn. Ef ekki næst fulltrúi atvinnulífs má tilnefna einn til viðbótar úr öðrum aldursflokki.

Tilnefndur starfsmaður Langanesbyggðar liðsinnir ungmennaráði í störfum sínum, hefur tillögurétt og málfrelsi á fundinum og ritar að jafnaði fundargerðir. Ungmennaráð skiptir með sér verkum og kýs sér formann og varaformann.

Segi fulltrúi af sér að hætti af öðrum orsökum skal fyrsti varamaður taka sæti hans. Sama gildir ef fulltrúi missir kjörgengi vegna flutnings úr sveitarfélaginu.

Auk kjörinna fulltrúa Ungmennaráðs á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnendur og starfsmenn Langanesbyggðar skulu sitja einstaka liði á fundum nefndarinnar, þegar eftir því er leitað. Þá er ráðinu heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem ráðið fjallar um hverju sinni.

Hlutverk

Hlutverk ungmennaráðs er að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu og að skapa ungmennum vettvang til að koma á framfæri hagsmunamálum, skoðunum og áherslum ungs fólks í Langesbyggð.

Í starfs- og fjárhagsáætlun Langesbyggðar ár hvert skal ákvarða fjárheimildir til verkefna ungmennaráðs líkt og; laun vegna fundarsetu, þinghald, útgáfa og/eða fræðsla.

Ungmennaráð gerir tillögur til byggðarráðs og sveitarstjórnar og meðal hlutverka þess er:

- Að þjálfar ungmenni í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að koma með tillögur til sveitarstjórnar um málefni er hafa áhrif á umhverfi og aðstæður ungmenna í sveitarfélaginu.
- Að efla umfjöllun sveitarfélagsins um þau málefni er tengjast ungu fólki.
- Að fylgja eftir að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins hafi hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi.
- Að fjalla um erindi og mál sem vísað er til ráðsins frá sveitarstjórn, byggðaráði og /eða fagráðum.
- Að leitast eftir sem flestum sjónarmiðum barna og ungmenna í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að hafa frumkvæði að umfjöllun mála er varðar ofangreint.
- Að eiga samvinnu við aðra aðila í sveitarfélaginu um framkvæmd hátíðarhalda og viðburða á vegum sveitarfélagsins.
- Að starfa með starfsmönnum sveitarfélagsins að verkefnum sem undir þá og ráðið heyrir.
- Að taka fyrir á fundum ráðsins stöðu bókhalds í samanburði við heimildir í fjárhagsáætlun.
- Að taka fyrir á fundum ráðsins framgang áætlana.

Ungmennaráð skal ávallt leitast við að ná því grundvallar markmiði að tryggja að ályktanir þess og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er fjallað í samþykkt um stjórn Langesbyggðar og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Ungmennaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fast ákveðnum fundartíma sem tilgreindur er í fundaaætlun fyrir sveitarstjórn, byggðarráð og fastanefndir sem sveitarstjórn samþykkir tímanlega fyrir komandi ár hverju sinni. Nefndin gerir tillögu til sveitarstjórnar um fundartíma.

Fundir ungmennaráðs skulu vera a.m.k. fjórir á ári, þó fleiri ef þurfa þykir. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess.

Formaður ungmennaráðs, eða varaformaður í forföllum hans, undirbýr dagskrá funda í samráði við starfsmann nefndar viku fyrir áætlaðan fund. Fundarboð er sent út af starfsmanni nefndar í samvinnu við skrifstofu eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund er heimilt að boða með sólarhringsfyrirvara. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna fulltrúa er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Fundargerðir Ungmennaráðs koma fyrir byggðarráð og eru birtar á heimasíðu Langesbyggðar.

Eftirfylgni

Formaður ungmennaráðs í samvinnu við starfsmann ungmennaráðs skal snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar. Sveitarstjóri sér um að ákvarðanir sem teknar eru af hálfu sveitarstjórnar komist til framkvæmda.

Réttindi og skyldur fulltrúa ungmennaráðs

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Langesbyggðar, eftir atvikum, s.s. ákvæði IV. kafla samþykktar um stjórn Langesbyggðar sem varðar réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfssvið þess. Þá skal ungmennaráð fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykktum um stjórn Langesbyggðar eins og þau eru á hverjum tíma.

Samþykkt í sveitarstjórn Langesbyggðar ...